



Grein birt 10. september 2012



Mynd 1 – Afstýra verður McDonalds-væðingu háskólanáms.

Guðmundur Ævar Oddsson

Þekkingarsamfélög eða skyndimenntunarstaðir?

Í greininni varar höfundur við varhugaverðri þróun í íslensku háskólasamfélagi, því sem hann nefnir McDonalds-væðingu háskólanáms. Höfundur leggur út frá eigin reynslu sem háskólanemi og stundakennari og kenningu bandaríska félagsfræðingsins George Ritzer um McDonalds-væðingu samfélagsins. Mat höfundar er að íslenskir háskólar þróist frá því að vera þekkingarsamfélög í þá átt að verða skyndimenntunarstaðir. Undirrótin er ásamt fleiru ofuráhersla á hagræðingu og vöruvæðing háskólamenntunar. Allt kapp er lagt á að mennta nemendur á sem skilvirkastan hátt og nemendur nálgast námið æ oftast líkt og neytendur sem vilja fá mikið fyrir lítið. Fyrir vikið er meira lagt upp úr umbúðum en innihaldi. Þannig étur þekkingarsamfélagið sig innan frá. Lausn höfundar felst í því að auka kröfur til nemenda og kennara og hætta að reka háskóla eins og framleiðslufyrirtæki. Pistillinn var skrifaður í tilefni af 25 ára afmæli Háskólans á Akureyri. Höfundur er doktorskandídat í félagsfræði við Missouri-háskóla.

Knowledge societies or McUniversities?

This article discusses a precarious trend in Icelandic universities, the McDonaldization of college education. The author draws on his experience as a college student and instructor, and George Ritzer's theory of the McDonaldization of society. Icelandic universities, the author argues, are moving from being knowledge societies to becoming McUniversities. The root cause is the McDonaldization of college education, which manifests itself e.g. in the overemphasis on educating students in the most efficient way possible and the way students approach edu-

cation as consumers, wanting more for less. Hence, the emphasis is on style over substance. This way the knowledge society eats itself from the inside out. The author's solution is to increase the demands on students and faculty and to stop running universities like production companies. This article was written to mark the 25-year anniversary of the University of Akureyri. The author is a PhD-candidate in sociology at the University of Missouri.

Ég gjörþekki Háskólann á Akureyri (HA). Ég veit að innan veggja skólans er unnið afbragðsgott starf. Eftir skamma dvöl í Háskóla Íslands útskrifaðist ég frá HA með próf í viðskiptafræði sem og samfélags- og hagbróunarfræði auk þess sem ég náði mér í kennsluréttindi samhliða síðarnefnda náminu. Með námi vann ég á Rannsókn- og þróunarmiðstöð háskólans (RHA) og að loknu námi varð ég alþjóðafulltrúi og prófstjóri skólans. Undanfarið hef ég sinnt stundakennslu við félagsvísinda- og lagadeild HA þegar ég er hérlendis að vinna að doktorsritgerð minni. Þó er á engan hallað þegar ég segi að samfélags- og hagbróunarfræðin standi upp úr þegar ég lít til baka.

Skref í rétta átt

Samfélags- og hagbróunarfræði? Hvað er nú það? Ég fékk oft þessa spurningu eftir að ég innritaði mig á nýstofnaða samfélags- og hagbróunarfræðibraut við HA haustið 2003. Í stuttu máli þá er samfélags- og hagbróunarfræði þverfaglegt nám sem byggir m.a. á félagsfræði, þróunarfræði, hagfræði og mannfræði. Mörgum þótti auk þess einkennilegt að ég, „meðalgreindur maðurinn“, skyldi fara í annað grunnnám einungis ári eftir að hafa lokið námi í viðskiptafræði. Gróðærið og nýfrjálslyggjan voru í algleymingi, útrásarvíkingar sigldu seglum þöndum og „allir“ vildu græða á daginn og grilla á kvöldin. Klár og duglegur strákur með viðskiptafræðipróf upp á vasann myndi nú ekki eiga í miklum erfiðleikum með að koma ár sinni fyrir borð í slíku árferði. Sjálfur fann ég mig þó aldrei í þessum tíðaranda og er eflaust einn af fáum viðskiptafræðingum sem hefur ekki keypt svo mikið sem eitt hlutabréf! Mér hefur alltaf fundist hlutabréfamarkaðir vera hálfgerðar spilaborgir þar sem verslað er með skáldað fé og væntingar. „Draumaríngl“ eins og Salka Valka orðaði það. Mér þótti jafnframt einsýnt að ég myndi sogast nauðugur viljugur inn í þennan sýndarveruleika ef ég færi út í „business“ að loknu námi. Þegar þetta rann endanlega upp fyrir mér ákvað ég að ljúka viðskiptafræðinni og skella mér í kjölfarið í nám þar sem horft væri með gagnrýnni augum á samfélagið.

Á þessum tíma var ég ákveðinn að fara í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hins vegar skipti ég um skoðun eftir að samfélags- og hagbróunarfræðibraut var komið á fót við HA. Þetta reyndist einhver sú besta ákvörðun sem ég hef tekið. Námið fór langt fram úr mínum væntingum og sýndi mér hvað nám grundvallað á gagnrýnni hugsun og þekkingarleit er gefandi. Það voru margir samverkandi þættir sem gerðu námið svona haldgott. Námið var nýtt af nálinni. Fyrir vikið voru allir spenntir og á tánum. Afbragðsgóðir kennarar voru fengnir víða að. Enginn var fastur í neinum hjólförum vegna þess að þau voru ekki til! Þetta leyfði kennurum og nemendum að fara óhefðbundnar leiðir. Ekki skemmdi það fyrir að námið var þverfaglegt sem veitti aukinn sveigjanleika. Nemendahópurinn var auk þess einstaklega góður, sem skýrist að hluta til af því að aldrei hafði verið boðið upp á nám af þessu tagi hérlendis. Fyrir vikið hafði byggst upp ákveðinn „forði“ mögulegra og „eldri“ nemenda, sem stökk til þegar tíminn var kominn. Kennarar gerðu miklar kröfur til nemenda og öfugt. Sumum fannst kröfur kennara keyra úr hófi fram en það var meginástæða þess að námið varð svona haldgott. Nemendur gengust inn á þetta fyrirkomulag og tóku fullan þátt á flestum sviðum. Gagnrýnin hugsun einkenndi öll efnistösk. Símatkerfið hélt manni við efnið. Við tókum námið með okkur heim. Umræðurnar milli kennslustunda, í mötuneytinu, í partíum o.s.frv. voru oft engu síðri en í tímum; ögrandi og gagnrýnar en umfram allt upplýsandi. Það sem einkenndi námið þó umfram annað var að flest

okkar voru þarna til þess að auka við þekkingu okkar ekki síður en að ná okkur í stimpil sem myndi opna okkur dyr í völundarhúsi vinnumarkaðarins.

Tíminn á samfélags- og hagþróunarfræðibraut var þó ekki eintómur dans á rósum. Við glímdum við ýmsa byrjunarörðugleika eins og búast mátti við. Nemendahópurinn var fámennur og stundum var námið helst til of laust í reipunum. Ennfremur lágu háværar kröfur um hagræðingu eins og mara á starfinu. Kennarar voru jafnframt ekki á einu máli um hvernig haga ætti náminu og það fór ekki fram hjá okkur nemendum. Kennarar og nemendur höfðu þó mikinn metnað fyrir hönd námsins og háðu mikla varnarbaráttu fyrir tilverurétti þess og gæðum. Við vissum öll að við vorum með eitthvað gott í höndunum þrátt fyrir að okkur hafi stundum greint á um leiðir.

McDonalds-væðing háskólanáms

Tími minn í samfélags- og hagþróunarfræðinni er mér ofarlega í huga þegar ég hugsa almennt um háskólanám á Íslandi. Ástæðan er sú að mér finnst samfélags- og hagþróunarfræðin hafa verið vísir að þekkingarsamfélagi. Samfélag þar sem þekking er markmið í sjálfu sér. Skref í rétta átt. Sjálfum finnst mér hins vegar íslenskir háskólar stefna frá því að vera þekkingarsamfélög og yfir í að verða „skyndimenntunarstaðir“. Þetta kalla ég McDonalds-væðingu (e. *McDonaldization*) háskólanáms að hætti bandaríska félagsfræðingsins George Ritzer (2010). Samkvæmt kenningu Ritzer tekur samfélagið meira og meira á sig yfirbragð skyndibitastaðar eftir því sem hagsýnni skynsemi (e. *rationality*) vex fiskur um hrygg. Þetta minnir á McDonalds-hamborgarakeðjuna. Kunnugir lesendur átta sig þó á því að kenning Ritzer er nútímaleg útfærsla af kenningu Max Weber (1952) um skynsemisvæðingu (e. *rationalization*). Að mati Ritzer getur of mikil áhersla á hagsýna skynsemi haft óskynsamlegar afleiðingar, rétt eins og á við um skyndibitamat og offitufaraldinn sem fylgdi í kjölfarið. Ritzer tiltekur fjórar víddir McDonalds-væðingar: *Skilvirkni, reiknanleika, fyrirsjáanleika og stjórn*.

Skilvirkni (e. *efficiency*) felst í því að finna fljótlegustu leiðina að gefnu markmiði. Rétt eins og neytendur hamborgara á skyndibitastað vill stór hluti háskólanema fá menntun sína hratt og örugglega og án mikillar fyrirhafnar. Að sama skapi vilja margir mennta nemendur á sem skilvirkastan (ódyrastan) hátt. Hvati nemenda er að komast sem fyrst út á vinnumarkaðinn en hagræðingarsjónarmið reka hina áfram. Fyrir vikið er minna lagt upp úr innihaldinu af öllum hlutaðeigandi og líkt og á við um skyndibitamat þá stendur slík menntun ekki lengi með nemandanum.

Reiknanleiki (e. *calculability*) er í brennidepli þegar ætlunin er að meta gæði út frá magni. Hvað stjórnendur varðar endurspeglast hann í umræðum um fjölda nýnema, fjölda brautskráðra, fjárframlög og rekstartölur í stað þess að rætt sé um gæði náms og rannsókna. Hvar voru til að mynda gagnrýnisraddirnar í tengslum við fréttir síðasta vetur af því að HA væri með „ódyrustu“ háskólanemendurna hér á landi? Hvað liggur að baki Excel-útreikningunum? Úrvinda kennarar og annað starfsfólk? Óánægðir nemendur? Færri rannsóknir? Innihaldsrýrara nám? Á hinn bóginn velta nemendur vöngum yfir vinnuframlagi, blaðsíðufjölda og hvernig komast megi á sem auðveldastan hátt í gegnum námið. Minna púður fer í þekkingarleit. Þetta birtist ekki síst í ofuráherslu á „blessaðar“ einkunnirnar. Hvað segja þó tölulegar einkunnir okkur í raun um gæði náms á tímum „einkunnabólgu“? Einkunnabólga er rakin til þegjandi samkomulags kennara og nemanda: „Ef þú lætur mig í friði, þá skal ég ekki gera of miklar kröfur til þín“ (Björn Guðmundsson, 2012). Þarna er m.a. vísað til kennslukannana þar sem nemendur leggja mat á frammistöðu kennara. Kennslumatið er óformleg „einkunn“ kennara og hefur áhrif á framgang þeirra í starfi. Kennslumatið gefur nemendum ákveðið tak á kennurum sem á móti ýtir undir undanlátssemi og vinsældakeppni, sem rýra gæði námsins.

Fyrirsjáanleiki (e. *predictability*) er viðfang þeirrar viðleitni að búa þannig í haginn að umhverfi okkar komi ekki á óvart. Fyrirsjáanleiki í háskólastarfi birtist í stöðlun og reglubindingu. Slíkt hjálpar til við áætlanagerð en dregur úr frumlegri og skapandi hugsun. Við hverju býst fólk annars þegar „ólíkum“ áföngum og námsbrautum er steipt í sama form undir yfirsíkinu hagræðingar og þeirrar tuggu að það verði að gera sömu kröfur? Rétt eins og McDonalds-hamborgari á að bragðast eins í Kaupmannahöfn og Kúala Lúmpúr. Engu að síður er meginilgangur háskólanáms að reyna á nemendur og þroska. Slíkt verður ekki gert öðruvísi en með því að stíga út fyrir þægindarammann. Enginn verður óbarinn biskup.

Stjórn (e. *control*) er fjórða og síðasta vídd McDonalds-væðingar. Manneskjan er að mörgu leyti ófyrirsjáanleg og það getur sett strik í reikninginn ef hún fer sínar eigin leiðir. Hægt er að draga úr þessum óvissupætti með ýmsum hætti. Skólayfirvöld stjórna t.d. nemendum með því að þrengja að námsvali þeirra og með þéttriðnu regluverki. Slíkt dregur úr sveigjanleika fyrir nemendur en flýtir fyrir því að hægt sé að afgreiða þá út á vinnumarkaðinn. Á móti geta nemendur stjórnað kennurum og þar með vinnuálagi sínu í gegnum fyrrnefnt kennslumat. Vissulega eiga nemendur að fá að leggja sitt til málanna. En hversu mikið á að koma til móts við þann hóp sem hefur minnstar faglegar forsendur til þess að dæma um hvað nemendur ættu að fá út úr náminu? „Viðskiptavinurinn“ hefur ekki alltaf rétt fyrir sér!

McDonalds-væðing háskóla hefur margar óskynsamlegar afleiðingar enda er stundum talað um rökleysu (e. *irrationality*) sem fimmtu vídd McDonalds-væðingar (Ritzer, 2010). McDonalds-væddur háskóli hefur yfirbragð verksmiðju þar sem nemendur eru meðhöndlaðir líkt og á flæðilínu. Slíkt krefst lítillar fyrirhafnar allra hlutaðeigandi og því miður sætta of margir sig við slíka nálgun. Allt verklag verður vélrænt. Hið mannlega hopar. Háskólar „framleiða“ vissulega fleiri einstaklinga með gráður með þessum hætti en ekki án þess að gjaldfella menntunina. Þekkingarsamfélagið étur sig innan frá. Allir tapa.

Aukum kröfurnar

Hvernig má snúa af þessari braut? Auka kröfurnar! Innan veggja háskóla verður að ríkja verðleikaræði. Nemandi sem sinnir náminu illa á öllu jöfnu að falla. Það á enginn að geta farið í gegnum háskólanám með hálfkákí. Að sama skapi á enginn háskólakennari að komast upp með að kenna eða sinna rannsóknum með hangandi hendi. Því miður er þetta ekki raunin og það rýrir gildi skólastarfsins alls. Hættum auk þess að reka háskóla eins og framleiðslufyrirtæki. Alvöru þekkingarsamfélög lúta ekki „lögmafum“ markaðarins. Hættum jafnframt að meðhöndla nemendur líkt og viðskiptavinir og þá hætta þeir að haga sér sem slíkir. Snúum ofan af vöruvæðingu háskólanáms. Of margir nemendur líta svo á að þeir hafi keypt háskólanám eins og hverja aðra vöru og að henni fylgi útskrift á tilskildum tíma, ágætiseinkunn og ekki mikil fyrirhöfn. Ef „fylgihlutirnir“ klikka bregðast nemendur við sem óánægðir viðskiptavinir og vilja að „þjónustudeildin“ kippi hlutunum í liðinn. Of margir eru að sama skapi tilbúnir til þess að verða við kröfum nemenda til þess að hafa alla góða. Háskólasamfélagið hefur nú þegar gert alltof miklar málamiðlanir við markaðsöflin. Hingað og ekki lengra. Þó eru víst uppi hugmyndir um að tengja fjárveitingar til íslenskra háskóla við brautskráða nemendur líkt og er með framhaldsskólana. Þetta óheilla-skref leiðir til þess að enn meira verður slegið af kröfunum því háskólarnir munu ekki hafa efni á öðru.

Er þá allt á leiðinni til andskotans í íslenska háskólasamfélaginu? Nei. Hins vegar eru blikur á lofti og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Þó er margt í starfi HA sem blæs mér þeirri von í brjóst að íslenskir háskólar muni þrátt fyrir allt standa vörð um þekkingarsamfélagið og einblína á innihaldið fremur en umbúðirnar. Innan veggja HA eru metnaðarfullir fræðimenn og öflugt starfsfólk, nálægð kennara og nemenda er mikil og skólinn er framsækinn.

Skólinn hefur vaxið í öllum skilningi síðastliðinn aldarfjórðung og sveigjanleikinn er enn fyrir hendi. Þetta eru nauðsynlegar forsendur þess að afstýra megi McDonalds-væðingu. Betur má þó ef duga skal og vonandi berum við öll gæfu til þess að sofna ekki á verðinum. Rýnum til gagns og gengis.

Heimildir

Björn Guðmundsson. (2012). Einkunnabólga: Orsakir og afleiðingar. *Fréttablaðið*, 30. mars. Sótt 2. júní 2012 af <http://www.visir.is/einkunnabolga--orsakir-og-afleidingar/article/2012703309985>

Ritzer, G.F. (2010). *The McDonaldization of Society*. Thousand Oakes, California: Sage Publications.

Weber, M. (1952). *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*. New York: Schribner.



Guðmundur Ævar Oddsson. (2012). Þekkingarsamfélög eða skyndimenntunarstaðir? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/007.pdf>